

I. VIÐAUKI

Sæfiefnaflokkar.

Hér að neðan eru taldir upp flokkar sæfiefna, 4 aðalflokkar og 23 undirflokkar, ásamt leiðbeinandi lýsingum á þeim.

Aðalflokkur 1: Sótthreinsandi efni og almenn sæfiefni.

Þessir sæfiefnaflokkar ná ekki yfir hreinlætisvörur sem ekki er ætlað að hafa sæfandi áhrif, þar með talin þvottaefni, þvottalögur og svipaðar vörur.

Sæfiefnaflokkur 1: Sótthreinsandi efni í hreinlætisvörum fyrir menn.

- Vörur í þessum flokki eru sóttthreinsandi efni sem eru notuð í hreinlætisvörur fyrir menn.

Sæfiefnaflokkur 2: Sótthreinsandi efni og önnur sæfiefni til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar.

- Vörur til sóttthreinsunar andrúmslofts, yfirborðs, efna, áhalda og húsgagna sem ekki komast í beina snertingu við matvæli eða fóður.
- Vörur sem eru notaðar sem þörungaeýðar. Notkunarsvæði eru m.a. sundlaugar, fiskabúr, baðvatn og annað vatn; loftræstikerfi, veggir og gólf á heilbrigðisstofnunum og öðrum stofnunum; ásamt ferðasalernum, skólpi, úrgangi frá sjúkrahúsum, jarðvegi eða öðru undirlagi t.d. á leiksvæðum.

Sæfiefnaflokkur 3: Sótthreinsandi efni í hreinlætisvörum fyrir dýr.

- Vörur í þessum flokki eru sóttthreinsandi efni sem notuð eru í hreinlætisvörur fyrir dýr, þar með taldar vörur sem notaðar eru á stöðum þar sem dýr eru hýst, höfð í aðhaldi eða flutt.

Sæfiefnaflokkur 4: Sótthreinsandi efni til notkunar í tengslum við matvæli og fóður.

- Vörur til sóttthreinsunar búnaðar, ílátum, áhalda vegna neyslu matvæla og fóðurgjafar.
- Vörur til sóttthreinsunar yfirborðsflata eða pípulagna sem tengjast framleiðslu, flutningi, geymslu eða neyslu matvæla eða fóðurs.

Sæfiefnaflokkur 5: Sótthreinsandi efni fyrir drykkjarvatn.

- Vörur til sóttthreinsunar drykkjarvatns (bæði fyrir menn og dýr).

Aðalflokkur 2: Rotvarnarefni.

Sæfiefnaflokkur 6: Rotvarnarefni fyrir vörur í ílátum.

- Vörur til að rotverja iðnaðarvörur í ílátum, aðrar en matvæli og fóður, með því að sporna við breytingum af völdum örvera og tryggja geymsluþol þeirra.

Sæfiefnaflokkur 7: Rotvörn fyrir yfirborðsmeðferðarefni.

- Vörur til að rotverja yfirborð eða yfirborðsmeðferðarefni með því að sporna við breytingum af völdum örvera í því skyni að vernda upphaflega eiginleika yfirborðs efna eða hluta, svo sem málningar, plastefna, kítis, límefta fyrir vegg, bindiefna, veggfóðurs og listaverka.

Sæfiefnaflokkur 8: Viðarvarnarefni.

- Vörur til að verja timbur eða timburafurðir með því að halda í skefjum lífverum sem spilla gæðum eða útliti. Þetta á við timbur allt frá sögunarmyllu til fullunninna timburafurða. Þessi sæfiefnaflokkur nær yfir vörur sem eru notaðar til að eyða skaðlegum lífverum og í fyrirbyggjandi meðferð.

Sæfiefnaflokkur 9: Rotvarnarefni fyrir trefjar, leður, gúmmí og fjölliðuð efni.

- Vörur til að verja trefja- eða fjölliðuefni, svo sem leður, gúmmí, pappír eða textílörur með því að sporna við breytingum af völdum örvera.

Sæfiefnaflokkur 10: Rotvarnarefni fyrir múrverk.

- Vörur til varnar og endurbóta á múrverki eða öðrum byggingarefnum, öðrum en timbri, með því að sporna við vexti örvera og þörungum.

Sæfiefnaflokkur 11: Rotvarnarefni fyrir vinnslu- og vökvakælikerfi.

- Vörur til að verja vatn eða annan vökva sem notaður er í kæli- og vinnslukerfum með því að halda í skefjum skaðlegum lífverum, svo sem örverum, þörungum og skeldýrum.
- Vörur sem eru notaðar til að verja drykkjarvatn, falla ekki undir þennan flokk.

Sæfiefnaflokkur 12: Slímvarnarefni.

- Vörur til að sporna við slímmyndun á efnum, búnaði og byggingum sem eru notaðar við iðnaðarvinnslu, t.d. á timbri, pappírseigi og gropnum sandlögum við olíuvinnslu.

Sæfiefnaflokkur 13: Rotvarnarefni fyrir vökva sem eru notaðir í málmvinnslu.

- Vörur til að verja vökva sem notaðir eru við málmvinnslu með því að sporna við skemmdum af völdum örvera.

Aðalflokkur 3: Útrýmingarefni.

Sæfiefnaflokkur 14: Nagdýraeitur.

- Vörur til að halda músum, rottum eða öðrum nagdýrum í skefjum.

Sæfiefnaflokkur 15: Fuglæitur.

- Vörur til að halda fuglum í skefjum.

Sæfiefnaflokkur 16: Lindýraeyðar.

- Vörur til að halda lindýrum, svo sem sniglum, í skefjum.

Sæfiefnaflokkur 17: Fiskaeitur.

- Vörur til að halda fiskum í skefjum. Vörur til meðhöndlunar á fisksjúkdómum falla ekki undir þennan flokk.

Sæfiefnaflokkur 18: Skordýraeyðar, mítlaeyðar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum.

- Vörur til að halda liðdýrum í skefjum (t.d. skordýrum, áttfætllum og krabbadýrum).

Sæfiefnaflokkur 19: Fælifefni og löðunarefni.

- Vörur til að halda skaðlegum lífverum, s.s. hryggleysingjum á borð við flær eða hryggdýrum á borð við fugla, í skefjum með því að fæla þær frá eða laða þær að, þar með taldar þær vörur sem eru notaðar beint eða óbeint sem hreinlætisvörur fyrir menn eða dýr.

Aðalflokkur 4: Önnur sæfiefni.

Sæfiefnaflokkur 20: Rotvarnarefni fyrir matvæli eða fóður.

- Vörur til að rotverja matvæli eða fóður með því að halda skaðlegum lífverum í skefjum.

Sæfiefnaflokkur 21: Gróðurhindrandi efni.

- Vörur til að sporna við vexti lífvera (örvera, æðri plantna eða dýra) og varna því að þær setjist á skip, fiskeldisbúnað eða önnur mannvirki sem notuð eru í vatni.

Sæfiefnaflokkur 22: Vökvar til notkunar við líksmurningu og uppstoppun.

- Vörur til að sótthreinsa og rotverja líkama eða líkamshluta manna eða dýra.

Sæfiefnaflokkur 23: Sæfiefni til að halda öðrum hryggdýrum í skefjum.

- Vörur notaðar til að halda hryggdýrum, öðrum en þeim sem falla undir aðalflokk 3, í skefjum.